

REGLUGERÐ

um breyting á reglum um smíði og búnað íslenskra skipa
nr. 302 3. maí 1983.

HLUTI J 13.

Lyf og læknisbúnaður í íslenskum skipum.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Öllum bátum styttri en 10 metrar að mestu lengd er heimilt að hafa lyfjakistu nr. 7 í stað lyfjakistu nr. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 27. febrúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 558/1981 um iðnfræðslu.

1. gr.

Í 6. grein bætist snyrtifræði í upptalningu löggiltra iðngreina.

2. gr.

Við 10. grein bætist snyrtifræði í upptalningu iðngreina undir liðnum þjónustuiðnaður. Skólatími skal vera 4 annir eða 64 vikur og starfstími 92 vikur. Samanlagður námstími skal vera 3 ár.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 68/1966, nr. 18/1971 og nr. 68/1972 um iðnfræðslu og lögum nr. 14/1973, nr. 23/1977 og nr. 40/1980 um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 13. febrúar 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Stefán Ól. Jónsson.